

Heimsókn forstöðumanna og deildarstjóra í iðjubjálfun Klsp

Mætt voru Berglind og Ingunn Hverfisgötu. Einar og Íris Austurbrún. Jónas og Anton Dalbraut og Ingibjörg Hrönn Velferðarsviði.

Á móti okkur tók Helga Iðjubjálfi. Iðjubjálfunin er staðsett í bakhúsi á Kleppsspítalalóð og hefur iðjubjálfun yfir tveimur stórum og björtum húsum að ráða. Í öðru húsinu fer fram grunnþjálfun s.s. eldhúspjálfun og tómsundur, hannyrðir, smíðastofa, tölvuver o.fl. Hitt húsið er nýtt sem starfsþjálfun. Þar fer fram þökkunarvinna og plöstun fyrir fyrirtæki. Einnig er þar starfrækt prentsmiðja þar sem flestir bæklingar fyrir LSH eru prentaðir. Einnig er gefið út blaðið Kleppstíðindi þar sem fólk í endurhæfingu tekur viðtöl við hina og þessa m.a. nýlegt viðtal við Jón Gnarr Borgarstjóra. Iðjubjálfunin er hugsuð sem fyrsta viðkoma í endurhæfingu og þangað koma þeir sem eru innlagðir á deildir Klsp og einnig eru tilvísanir gegnum göngudeild Klsp. Við iðjubjálfun Klsp eru starfandi 2 iðjubjálfar og 4 aðstoðarmenn en til stendur að ráða fleiri iðjubjálfa með haustinu. Hluti af starfi iðjubjálfa er einnig unnið inni á deildum Klsp. Þegar fólk er lengra komið í þjálfuninni er einnig unnið að því að tengja fólk við önnur úrræði fyrir útskrift því iðjubjálfunin er einungis hugsuð meðan á innlögn stendur en ekki eftir að fólk útskrifast.

Flestir íbúa búsetukjarnanna hafa fengið einhvers konar þjálfun ýmist í iðjubjálfun klsp eða á LSH sem vinnur eftir samskonar hugmyndafræði og gaman fyrir starfsfólkið að sjá þessa staði.

„Iðjubjálfar líta á einstakling í samspili við umhverfið og þjálfun er einstaklingsmiðuð. Markmið eru sett í samvinnu við einstaklinginn.“ Sjá nánar á : <http://lsh.is/Klinisk-svid-og-deildir/Gedsvid/Idjuthjalfun-a-gedsvidi>

Mér datt í hug að e.t.v. gætum við nálgast einhver mælitæki hjá iðjubjálfunum t.d. sjálfsmat íbúa á eigin getu til að meta hvar þeim finnst þeir vera staddir m.t.t. starfsþjálfunar. Því eins og við vitum er margsskonar starfsemi í gagni en til staðar eru hindranir sem þarf að ryðja úr vegi og þær geta verið margsskonar og legið víða og við þurfum að kortleggja það nánar.

Næsta skoðunarferð er í AMS -atvinna með stuðningi þann 25/8 kl. 14. Ég mun síðar í sumar senda út dagskrá um fleiri skoðunarferðir. Ef þið hafið hugmyndir um skoðunarferðir eða eitthvað annað skemmtilegt þá endilega sendið mér línu. Markmiðið er virkni og ennþá meiri virkni ☺